**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/23/EB** **2008/EES/38/21**

**frá 8. mars 2005**

**um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna ([1]), einkum 1. mgr. 22. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tilskipun 2001/25/EB eru skilgreindar kröfur um lágmarksþjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna sem starfa um borð í skipum Bandalagsins. Þessar kröfur byggjast á stöðlum sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningi um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin) og reglur um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-kóðinn).

2) STCW-samþykktinni og STCW-kóðanum hefur verið breytt með ályktunum siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC.66(68) og MSC.67(68), sem öðluðust gildi 1. janúar 1999, ályktun MSC.78(70), sem öðlaðist gildi 1. janúar 2003, og umburðarbréfunum STCW.6/Circ.3 og STCW.6/Circ.5 sem tóku gildi 20. maí 1998 og 26. maí 2000.

3) Með nýrri reglu V/3 í SCTW-samþykktinni, sem var bætt við með ályktun MSC.66(68), er mælt fyrir um lögboðnar lágmarkskröfur um þjálfun, menntun og réttindi skipstjóra, annarra yfirmanna, undirmanna og annarra starfsmanna á öðrum farþegaskipum en ekjufarþegaskipum.

4) Því ber að breyta tilskipun 2001/25/EB til samræmis við þetta.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([2]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í I. viðauka við tilskipun 2001/25/EB er V. kafla breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við 3. mgr. reglu V/2:

„… eða færa sönnur á að þeir hafi tileinkað sér tilskilda hæfni á næstliðnum fimm árum.“

2. Eftirfarandi bætist við í lok kaflans:

*„Regla V/3*

**Lögboðnar lágmarkskröfur vegna menntunar og þjálfunar og réttinda skipstjóra, annarra yfirmanna, undirmanna og annarra starfsmanna á öðrum farþegaskipum en ekjufarþegaskipum**

1. Þessi regla gildir um skipstjóra, aðra yfirmenn, undirmenn og aðra starfsmenn sem eru ráðnir til starfa á öðrum farþegaskipum en ekjufarþegaskipum í millilandasiglingum. Yfirvöld skulu ákveða hvort þessar kröfur skulu gilda um skipverja á farþegaskipum í siglingum innanlands.

2. Áður en sjómönnum eru falin skyldustörf um borð í farþegaskipum skulu þeir hafa lokið þeirri þjálfun, sem er krafist í 4. til 8. mgr. hér á eftir, í samræmi við stöðu sína, skyldustörf og ábyrgð.

3. Þeir sjómenn, sem krafist er þjálfunar af í samræmi við 4., 7. og 8. lið hér á eftir, skulu afla sér viðeigandi upprifjunarþjálfunar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti eða færa sönnur á að þeir hafi tileinkað sér tilskilda hæfni á næstliðnum fimm árum.

4. Starfsmenn, sem hafa það verkefni samkvæmt neyðaráætlun að aðstoða farþega um borð í farþegaskipum í neyðartilvikum, skulu hafa lokið þjálfun í stjórn stórra hópa fólks eins og tilgreint er í 1. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 62, 9.3.2005, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 10, 23.2.2006, bls. 22.

([1]) Stjtíð. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/103/EB (Stjtíð. ESB L 326, 13.12.2003, bls. 28).

([2]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 415/2004 (Stjtíð. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 10).

5. Skipstjórar, aðrir yfirmenn og aðrir starfsmenn, sem eru settir til ákveðinna skyldustarfa og ábyrgðarstarfa um borð í farþegaskipum, skulu hafa lokið kynningarþjálfun þeirri sem er tilgreind í 2. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.

6. Starfsmenn, sem veita farþegum í farþegarými um borð í farþegaskipum beina þjónustu, skulu hafa lokið þjálfunarnámskeiði um öryggismál sem er tilgreint í 3. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.

7. Skipstjórar, aðrir yfirmenn og allir aðrir, sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna ferða farþega um borð og frá borði, skulu hafa lokið viðurkenndri þjálfun vegna öryggis farþega eins og tilgreint er í 4. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.

8. Skipstjórar, yfirstýrimenn, yfirvélstjórar, 2. vélstjórar og allir aðrir, sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna öryggis farþega í neyðartilvikum um borð í farþegaskipum, skulu hafa lokið viðurkenndri þjálfun í að takast á við hættuástand og mannlegu atferli eins og tilgreint er í 5. mgr. þáttar A-V/3 í STCW- kóðanum.

9. Yfirvöld skulu sjá til þess að allir, sem ávinna sér réttindi í samræmi við ákvæði þessarar reglu, fái afhent skriflegt sönnunargagn um þá menntun og þjálfun sem þeir hafa hlotið.“

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. september 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. mars 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*